

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 2. október 2019

1908030SA TP
Málalýkill: 02.50

Efni: Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna NPA-samninga

Vísað er til síðasta vinnufundar félags- og barnamálaráðherra og sambandsins, dags. 23. september sl., þar sem m.a. var rætt um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna NPA-samninga.

Niðurstaða umræðu um þennan lið var að ráðuneytið og sambandið myndu í sameiningu vinna að því að leysa úr álitaefnum hvað þetta varðar, í samræmi við bráðabirgðaaðkvæði við lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með viðvarandi stuðningsþarfir.


Þar sem niðurstaðan var skýr um næstu skref kom það sambandinu algerlega á óvart að fréttu að ráðuneytið væri að boða til fundar þau sveitarfélög sem hafa NPA-samninga. Enn meiri furðu vakti að á þeim fundum væri kynnt ráðagerð um gerbreyttan útreikning á hlutdeild ríkisins í samningsfjárhæðum NPA-samninga.

Umrædd breyting samrýmist hvorki gildandi lögum, reglugerð né viðtekinni framkvæmd við innleiðingu NPA allt frá 2012. Nái hún fram að ganga myndi það kollvarpa fjárhagslegum samskiptum vegna verkefnisins enda sætu sveitarfélög þá uppi með útgjaldaauka sem gæti numið allt að 100 m.kr. á ársgrundvelli.

Sambandið fer fram á að ráðuneytið dragi tafarlaust til baka ráðagerðir sem kynntar hafa verið með þessum hætti fyrir sveitarfélögum. Má augljóst vera að útspil af þessu tagi - án nokkurs samráðs við sambandið - er til þess fallið að skaða traust og trúnað í samskiptum á milli stjórnsýslustiga. Þess er því farið á leit að viðbrögð við þessu útspli verði tekin fyrir sem fyrsta mál á næsta vinnufundi sambandsins með ráðherra sem haldinn verður kl. 12:00 þriðjudaginn 22. okt. nk.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Sveitarfélög sem hafa NPA-samninga